

3. gr.

Höfuðstóll sjóðsins, samkvæmt upphaflegri dánargjöf, er eigi skal skertur, nemur 25 000.00 kr.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er er að kosta eitt eða fleiri fátæk börn á dagheimili. Skal barn það eða börn þau, er styrk hljóta, verða klædd eftir þörfum, að því leyti er styrkurinn leyfir, meðan þau dvelja á heimilinu, og einnig þá þau fara þaðan. Þau börn, sem einstæðingsstúlkur hafa á framfæri sínu, skulu ganga fyrir um styrkveitingu.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á sem bestan og tryggilegastan hátt. Árlegum vöxtum skal úthlutað í framangreindum tilgangi. Enn fremur er sjóðsstjórninni heimilt að ráðstafa sjóðseign umfram höfuðstól skv. 3. gr., þannig að $\frac{1}{3}$ hlutur renni í Líknarsjóð Dómkirkjunnar, til minningar um Valgerði Steinsen, $\frac{1}{3}$ hlutur renni til Geðdeildar Barnaspítala Hringins til minningar um Önnu Steinsen og $\frac{1}{3}$ hlutur til Systrasjóðs Kvennaskólans í Reykjavík til minningar um Guðrúnu Steinsen.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa dómprófasturinn í Reykjavík ásamt einum ættingja Valgerðar, Guðrúnar og Önnu Steinsen, er dómprófastur tilnefnir.

7. gr.

Með skipulagsskrá þessari er niður felld skipulagsskrá frá 12. september 1962. Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

15. maí 1975.

Nr. 223.

SAMÞYKKT**um hundahald í Ölfushreppi.**

1. gr.

Hundahald er aðeins heimilt á lögbýlum í Ölfushreppi.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum í sveitarfélaginu, sem ekki búa á lögbýlum, undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður að tilhlutan sveitarfélagsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið sem hreppsnefnd ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með þessum hundum, og skal upphæð við það miðuð.
- c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Sveitarstjórn ákveður árlega lágmarksverð á ábyrgðartryggingu. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi. Gjaldldagi leyfisins er 1. júlí ár hvert.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skólahús, matvöruverslanir, fiskvinnuhús eða aðra staði, þar sem matvæli eru höfð um hönd.

e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa sveitarfélagsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um sveitarfélagið fara til óþæginda.

f) Hundeinganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrir mælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Verði alvarlegt brot eða ítrekuð brot á samþykkt þessari afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Hreppsnefnd er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Ólfushrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. maí 1975.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Dórunn Klemenzdóttir.

S A M Þ Y K K T

um sorphreinsun í Súðavíkurhreppi.

1. gr.

Súðavíkurhreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupsins. Fer hún fram undir stjórn sveitarstjórnar og með umsjón heilbrigðisnefndar Súðavíkurhrepps.

2. gr.

Sérhver húseigandi eða leigjandi í Súðavíkurhreppi er skyldur að nota þær aðferðir og tæki við sorpgeymslu og hreinsun, sem sveitarstjórn ákveður.

3. gr.

Sérhver húseigandi, sem notast við sorphreinsun sveitarfélagsins skal greiða þau gjöld vegna sorphreinsunar, sem sveitarstjórn ákveður.

4. gr.

Sorpið, sem sett er í sorpilát, má vera allt venjulegt heimilissorp. Meðal sorps, sem ekki má setja í sorppoka, er mold, mól, grjót, mykja, byggingarsorp (timbur, múrblokkir) og stærri trjágreinar.

5. gr.

Ekki má setja meira sorp í pokana en svo, að auðveldlega megi loka þeim, þegar skipt er um poka. Fyllsta hreinlætis skal gætt umhverfis sorppoka.

6. gr.

Pakka skal inn beittum og oddhvössum hlutum s. s. glerbrotum, áður en þeir eru settir í sorppokana.